

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Nefndin tók mál þetta til umfjöllunar undir lok maí sl. Af því tilefni tók nefndin á móti nokkrum fjölda gesta. Að gestakomum loknum óskuðu nokkrir nefndarmenn eftir því að nefndin kallaði á sinn fund sérfræðing í stjórnskipunarrétti til þess að veita nefndinni álit á þingmálinu og svara spurningum nefndarmanna. Ekki tókst að koma því við fyrir sumarhlé Alþingis annars vegar vegna anna sérfræðinga í háskólum landsins og hins vegar vegna tímafrekrar umræðu um fiskveiðistjórnarmál. Nefndin fjallaði á ný um málið í lok ágúst sl. og 31. þess mánaðar kom Björg Thorarensen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, á fund nefndarinnar. Björg hafði sitthvað við málið að athuga og var sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytinu í kjölfarið sent tölvuskeyti þar sem helstu athugasemdir Bjargar komu fram ásamt ósk um viðbrögð ráðuneytisins við þeim. Svar barst frá ráðuneytinu 1. september sl. þar sem ráðuneytið kynnti nefndinni hugmynd af breytingu á þingmálinu ásamt ítarlegum rökstuðningi. Morguninn eftir, 2. september, fundaði nefndin á ný um málið. Við upphaf þess fundar voru nefndarmönnum afhent fimm blaðsíðna drög að nefndaráliti um málið. Strax í kjölfarið bar formaður nefndarinnar fram tillögu um að afgreiða málið þá þegar. 2. minni hluti mótmælti afgreiðslu málsins að svo stöddu, í fyrsta lagi vegna þess að nefndarmenn höfðu engin tök haft á að kynna sér efni álitdraganna, í öðru lagi þar sem hann taldi verulegt tilefni til þess að skoða nánar þær hugmyndir sem höfðu borist frá ráðuneytinu og í þriðja lagi þar sem rétt væri að kalla hagsmunaaðila á fund nefndarinnar og gefa þeim færi á að bregðast við breytingartillögu sem kom fram í álitdrögum. Þrátt fyrir framangreint var málið afgreitt á fundinum gegn atkvæðum 2. minni hluta.

Annar minni hluti mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð við afgreiðslu málsins. Það er fáheyrt að nefndir Alþingis afgreiði mál með álitdrögum sem nefndarmenn hafa ekki áður séð og fá ekki tíma til að kynna sér. Engri orku var eytt í að kynna nefndarmönnum efni þeirra. Oft hefur hagsmunaaðilum verið gefið færi á að kynna nefndum afstöðu sína til þeirra breytinga sem þær hafa í huga að leggja til en slíku var ekki að heilsa í þetta sinn. Af þessum sökum má segja að málið hafi verið afgreitt hálfkarað með óskiljanlegum flýti.

Þá er það mat 2. minni hluta að nefndin hefði haft full tök á að útfæra markmið frumvarpsins á fullnægjandi hátt í tillögum til breytinga hefði henni á annað borð verið gefinn tími til að fara í slíka vinnu. Í hugmyndum sem bárust frá ráðuneytinu 1. september sl. var af yfirvegun tekist á við þær athugasemdir sem höfðu verið gerðar við málið og lagðar fram tillögur að haganlegri lausn. Þær athugasemdir höfðu helstar verið gerðar að fyrirkomulag 2. gr. málsins væri ekki nægilega opið útgerðarmönnum og skylda til greiðslu hlutfalls af verðmæti afla ekki nægilega valkvæð. Tillögur ráðuneytisins fólu einmitt í sér tillögu til

lagfæringar á framangreindum atriðum. Er það mat 2. minni hluta að slíkt hafi einfaldlega ekki vakið áhuga 1. minni hluta.

Álit 2. minni hluta er að í máli þessu hafi verið fullt tilefni til þess að leita sátta á milli þeirra aðila sem málið varðaði. Slík vinna hefði án efa skilað farsælli lausn. Til þess að svo færi skorti 1. minni hluta metnað. Sú staðreynd er sérstaklega bagaleg í ljósi mikilvægis sjávarútvegs fyrir samfélag okkar. Verður starf samtaka útvegs- og sjómanna seint metið til sannvirðis. Nægir í því efni að benda á störf slíkra samtaka að fræðslu-, öryggis- og gæðamálum auk þess sem þau hafa umtalsvert hlutverk þegar kemur að samskiptum við handhafa ríkisvalds.

Alþingi, 2. sept. 2011.

Jón Gunnarsson,
frsm.

Atli Gíslason.